

# Lög

## um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

### 1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 6. mgr. og orðast svo:

Frum sala tilefnismyntar sem gefin er út af Seðlabanka Íslands er undanþegin skattskyldu, enda þótt söluverð sé hærra en ákvæðisverði nemur.

### 2. gr.

Við 2. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málslíður, er verður 5. másl., svohljóðandi: Jafnframt skulu ríki, sveitarfélög, stofnanir þeirra og fyrirtæki greiða virðisaukaskatt af framleiðsluverði á mat sem tilreiddur er í mótuneytum þeirra og seldur er starfsmönnum eða öðrum á verði undir framleiðsluverði.

### 3. gr.

Við 5. tölul. 2. mgr. 7. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Afsláttur sem þeir aðilar, er skrá sölu í sjóðvél, veita gegn greiðslu með kreditkorti og tekjufærður er að fullu við afhendingu en dregst frá söluverði við uppgjör greiðslukortafyrirtækis telst ekki háður skilyrðum sem greinir í 1. másl. þessa tölulíðar. Gefi seljandi út reikning samhliða skráningu í sjóðvél skal fjárhæð afsláttar tilgreind á honum.

### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. 6. tölul. 3. mgr. orðast svo: Öflun, rekstur og leigu fólksbifreiða og hópibifreiða. Sama á við um sendi- og vörubifreiðar með leyfða heildarþyngd 5.000 kg eða minna sem ekki uppfylla skilyrði um burðargetu og lengd farmrýmis er fjármálaráðherra setur í reglugerð.

b. 4. mgr. orðast svo:

Þeir sem skattskyldir eru á grundvelli 2. mgr. 3. gr. mega einungis telja til innskatts virðisaukaskatt af þeim aðföngum sem eingöngu varða hina skattskyldu þætti í starfsemi þeirra.

### 5. gr.

3. másl. 1. mgr. 24. gr. laganna orðast svo: Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð um greiðslustaði, greiðslufyrirkomulag og efni skýrslu, þar á meðal um rafræn skil á skýrslu og greiðslu.

### 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

## a. 1. mgr. orðast svo:

Endurgreiða skal veitingahúsum, mótuneytum og öðrum hliðstæðum aðilum, sem selja tilreiddan mat, sbr. 8. tölul. 2. mgr. 14. gr., fjárhæð er nemur 112,5% af innskatti hvers uppgjörstímabils vegna matvælaaðfanga sem bera 14% virðisaukaskatt samkvæmt ákvæðinu. Endurgreiðsla þessi skal þó ekki vera hærri en svo að útskattur vegna sölu á tilreiddum mat að fráreginni endurgreiðslu samsvari að minnsta kosti 14% af hráefnisverði að viðbættum 19,25% af mismun söluverðs á tilreiddum mat og hráefnisverðs matvælaaðfanga. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð nánar um framkvæmd endurgreiðslunnar.

## b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Endurgreiða skal rekstraraðilum hópþreifreiða, sem leyfi hafa samkvæmt lögum um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, 19,68% af söluverði hópþreifreiða sem þeir sannanlega selja úr landi. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd endurgreiðslunnar.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2000. Þó öðlast ákvæði 1. gr. þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 9. maí 2000.*